

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990

■ 1. gr.

□ Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Hugtakið kolvetni merkir jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

□ [Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.] ¹⁾

¹⁾L. 101/2000, 1. gr.

■ 2. gr.

□ Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar]. ²⁾ [Varði umsókn um leyfi svæði utan netlaga skal útgefið leyfi samræmast skipulagi á haf- og strandsvæðum. Hafi tillaga að strandsvæðisskipulagi verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Umhverfisstofnun heimilt að fresta afgreiðslu á beiðni þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir viðkomandi svæði. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.] ²⁾

□ [[Orkustofnun] ³⁾ er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.] ⁴⁾

¹⁾L. 10/2012, 2. gr. ²⁾L. 88/2018, 18. gr. ³⁾L. 131/2011, 10. gr. ⁴⁾L. 101/2000, 2. gr.

■ 3. gr.

□ Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar]. ¹⁾

□ [[Orkustofnun] ¹⁾ er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem [hún] ²⁾ heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.] ³⁾

¹⁾L. 10/2012, 2. gr. ²⁾L. 131/2011, 10. gr. ³⁾L. 101/2000, 3. gr.

■ 3. gr. a

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. er óheimilt að veita leyfi til leitar, rannsóknar eða vinnslu kolvetnis á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga.

[4. – 8. gr.]

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

[1. gr.]

■ 2. gr. [Gildissvið.]¹⁾

□ Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. ~~[Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.]²⁾~~

□ [Lögin gilda ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I [og vara skemur en þrjú ár]. ³⁾ ¹⁾

□ [Ákvæði laga þessara um burðarpoka ná til starfsemi sem felur í sér sölu á vörum.] ⁴⁾

□ [Ákvæði laga þessara um plastvörur ná til starfsemi sem felur í sér:

a. að vörur úr plasti eru settar á markað, og

b. sölu eða aðra afhendingu á vörum úr plasti í atvinnuskyni.] ⁵⁾

¹⁾L. 66/2017, 2. gr. ²⁾L. 166/2008, 14. gr. ³⁾L. 58/2019, 1. gr. ⁴⁾L. 34/2019, 1. gr. ⁵⁾L. 90/2020, 1. gr.

[3. -32. gr.]

~~VI. kafli. Sérákvæði fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.]⁶⁾~~

~~—¹⁾L. 66/2017, 8. gr.~~

■ ~~[33. gr.]²⁾ [Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.]³⁾~~

□ ~~Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka. Áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun varðandi leyfisumsókn skal stofnunin afla umsagna [Hafrannsóknastofnunar],⁴⁾ Orkustofnunar og Brunamálstofnunar. Umhverfisstofnun annast eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum vegna starfsleyfisskyldrar starfsemi samkvæmt þessari grein. [Sú starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf og strandsvæða. Hafi tillaga að strandsvæðisskipulagi verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.]⁵⁾ Ráðherra setur reglugerð samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar um framkvæmd hollustuhátta og mengunarvarnaeftirlits varðandi mannvirki sem reist eru vegna rannsókna eða vinnslu kolvetnis í jörðu.]⁶⁾~~

~~—¹⁾L. 66/2017, 8. gr. ²⁾L. 157/2012, 10. gr. ³⁾L. 88/2018, 18. gr. ⁴⁾L. 166/2008, 15. gr.~~

[33. gr. a – 73. gr., I. viðauki]

[Viðauki II. [Starfsemi sem Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir (II).]¹⁾

1. Fiskimjölsverksmiðjur.

2. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.

3. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

4. Olíubirgðastöðvar.

5. Framleiðsla titandíoxíðs.

6. Glerullar- og steinullarframleiðsla, önnur en í viðauka I.

7. Sútunarverksmiðjur, aðrar en í viðauka I.

8. Meðferð úrgangs – förgunarstaðir úrgangs:

a) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum

landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári,

b) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 500–5.000 tonnum af úrgangi á ári,

c) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 50–499 tonnum af úrgangi á ári eða urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári eða meira,

d) urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári.

9. Meðhöndlun og förgun spilliefna, [þ.m.t. námuúrgangsstaðir, sbr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs]: ²⁾

a) ... ²⁾ þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári,

b) ... ²⁾ þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500–2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári eða meira,

c) ... ²⁾ þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50–499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum minna en 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári,

d) ... ²⁾ þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar.

... ³⁾

— ~~[10.] ³⁾ Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.~~

[[11.] ³⁾ Endurvinnsla skipa yfir 500 brúttótonnum, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs.

[12.] ³⁾ Málningarvöruframleiðsla.

[13.] ³⁾ Kítín- og kítosanframleiðsla.] ²⁾ ⁴⁾

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

2. kafli I. viðauka

2. Vinnsla auðlinda í jörðu.			
2.01	Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m ³ eða meira.	X	
2.02	Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m ³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.		X
2.03	Neðanjarðarnámur.		X
2.04	Djúpborun (að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs), einkum:		X
	i. borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum,		
	ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,		
	iii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,		
	iv. vinnsla og rannsóknarboranir vegna kolvetnis utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka,		
	v. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að vinna a.m.k. 70 l/sek.		
2.05	Iðjuver ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.		X

Lög um brunavarnir nr. 75/2000

[1. – 13. gr.]

■ ~~[13. gr. a.~~

~~□ Mannvirki innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis skulu háð sérstöku öryggismati sem framkvæmt er af notanda mannvirkis og staðfest af [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun].⁴⁾ Öryggismat þetta skal endurskoða að jafnaði á fimm ára fresti. [Ráðherra]³⁾ setur að fengnum tillögum [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar]⁴⁾ reglugerð um útfærslu og framkvæmd öryggismats, svo og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar verður að telja til að matið byggist á öruggum forsendum. Í reglugerð þessari skal einnig kveðið á um hlutverk slökkviliða vegna eld eða sprengihættu í þessu sambandi.~~

~~□ [[Húsnæðis- og mannvirkjastofnun]⁴⁾ annast framkvæmd eldvarnaeftirlits vegna mannvirkja samkvæmt grein þessari og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.]³⁾ [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun]⁴⁾ er heimil gjaldtaka vegna eldvarnaeftirlits, öryggismats og endurskoðunar öryggismats. Gjaldið má þó ekki vera hærra en nemur rökstuddum kostnaði við gerð eða endurskoðun öryggismats og framkvæmd eldvarnaeftirlits.]⁴⁾~~

[14. – 41.gr.]

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004

[1. – 2. gr.]

■ 3. gr. Skilgreiningar.

[1. – 8. tl.]

[9.] ¹⁾ *Losun*: Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki losun:

a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,

b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið ~~þema um sé að ræða efni frá kolvetnisvinnslu eða borunum tengdum henni~~,

[10 – 28. tl.]

[4. – 30. gr.]

Viðauki I.

A. Starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla.
10. Sútunarverksmiðjur.
11. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera með fráveitu til sjávar.
12. Móttökustöðvar sveitarfélaga; sorpurðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olúmalar- og malbikunarstöðvar.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Bensínstöðvar.
22. Pappírs- og trjákvöðufframleiðsla.
23. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
24. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
25. Olíubirgðastöðvar.
26. Stálsmíði og stálskipagerð.
27. Viðhald og niðurrif skipa.
28. Meðferð og húðun málma.
29. Bræðsla og málmblanda málma sem geta brætt 4 tonn af blýi og kadmíum á dag.
30. Yfirborðsmeðferð málma og plastefnis með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum ef rúmmál kera er meira en 30 m³.
31. Ullarþvottastöðvar.
32. Fitu- og lýsisvinnsla.

- 33. Sláturhús.
- 34. Alifugla- og svínaræktarstöðvar.
- 35. Skolphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.
- 36. Flugvellir.
- 37. Annar sambærilegur atvinnurekstur.
- ~~[38. Rannsóknir og vinnsla kolvetnis innan mengunarlögsögunnar.]~~ ¹⁾